



Skýrsla um sölu eigna Íslandsbanka á árinu 2019

13.febrúar 2020

1. Skýrsla um sölu eigna Íslandsbanka á árinu 2019

Í ágúst 2017 setti Íslandsbanki fram stefnu um sölu eigna bankans. Markmið stefnunnar er að stuðla að gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni við ákvarðanatöku bankans um sölu eigna og efla þannig traust fjárfesta og viðskiptavina til bankans og sýna ráðvendni gagnvart hagsmunaaðilum. Stefnunni er jafnframt ætlað að takmarka rekstrar- og orðsporsáhættu fyrir bankann sem kann að felast í sölu eigna og hámarka endurheimtur krafna við sölu fullnustueigna.

Í 5. gr. stefnunnar segir að árlega skuli birta á heimasíðu bankans samantekt um fylgni bankans við stefnuna síðastliðna 12 mánuði ásamt upplýsingum um frávik frá meginstefnu bankans um opið sölufæri, ef einhver eru.

Í þessari skýrslu er fjallað um eignir bankans sem voru til sölu eða voru seldar á árinu 2019. Skýrslan tekur til móðurfélags bankans og dótturfélaga, annarra en þeirra sem stunda sjálf eftirlitsskylda starfsemi.

2. Eignir til sölu í árslok 2019

Alls voru 89 fullnustueignir Íslandsbanka til sölu 31. desember 2019. Bókfært verðmæti þeirra var um 1.071 m.kr. Fullnustueignir til sölu skiptust í eftirfarandi eignaflokka:

Tegund	Fjöldi	Bókfært virði m.kr.
Íbúðir	6	279
Atvinnuhúsnæði	6	471
Lóðir	50	275
Jarðir	1	3
Bifreiðar	13	37
Aðrar eignir	13	6
Samtals	89	1.071

3. Seldar eignir á árinu 2019

Á árinu 2019 seldi Íslandsbanki 79 fullnustueignir. Heildar bókfært virði þessara eigna nam 650 m.kr. Seldar fullnustueignir skiptust í eftirfarandi eignaflokka:

Tegund	Fjöldi	Bókfært virði m.kr.
Íbúðir	11	352
Atvinnuhúsnæði	6	132
Lóðir	22	64
Sumarhús	1	18
Bifreiðar	32	43
Skip/bátar	1	39
Aðrar eignir	6	2
Samtals	79	650

Á árinu 2019 seldi Íslandsbanki enga eignarhluti.

4. Undantekningar frá opnu sölufarli

Í stefnu bankans um sölu eigna kemur fram að í undantekningartilvikum kunni hagsmunir bankans að kalla á lokað útboð eða annars konar fyrirkomulag við sölu eigna. Slíkt geti helgast af því að opið sölufarli brjóti gegn lögvörðum hagsmunum bankans eða viðskiptalegar eða samningsbundnar takmarkanir komi í veg fyrir að slíkt ferli verði viðhaft. Slíkar takmarkanir kunna að vera t.d. ákvæði hluthafasamkomulaga eða samþykka um forkaupsrétt, sjónarmið annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa eða áætlað söluverðmæti viðkomandi eignar telst ekki réttlæta kostnað við opið sölufarli eða vegna annarra augljósra hagsmuna bankans. Endursala til gerðarþola fellur ekki undir undantekningar frá opnu sölufarli.

Kveðið er á um að frávik frá meginstefnu bankans um opið sölufarli skuli vera rökstudd og skráð. Slík frávik eru jafnframt háð sérstöku samþykki stjórnar bankans.

Árið 2019 var engin undantekning frá meginstefnu Íslandsbanka um opið sölufarli.